

# FJÖLNÁMSBRAUT

## NÁMIÐ

Námið er á fyrsta þrepi og markmiðið er að auka sjálfstæði, ábyrgð og frumkvæði nemenda. Nemendur sem hafa getu og hæfni eru hvattir til að sækja áfanga á öðrum brautum skólans.

## NÁMSGREINAR

Íslenska, stærðfræði, enska, lífsleikni, leiklist, myndlist, hússtjórn, líkamsrækt, upplýsingatækni og stuttmyndagerð.

Ýmsir fagkennarar koma og kenna á brautinni t.d. tungumál, sálfræði, fjármálalæsi.

## EINSTAKLINGSMIÐAÐ NÁM

Námið er einstaklingsmiðað og því geta áherslur og þátttaka nemenda í áföngum verið mismunandi á tímabilinu.

## FYRIR HVERJA?

Fjölnámsbraut MH er fyrir nemendur sem notið hafa verulegrar sérkennslu í grunnskóla og þurfa einstaklingsmiðað nám.

## NÁMSTÍMI

Nám á fjölnámsbraut er fjögur ár og fylgir skóladagatali skólans. Nemendur útskrifast með framhaldsskólapróf af fjölnámsbraut.

## NÁM Á ÖÐRUM BRAUTUM

Nemendur sem sækja áfanga á öðrum brautum gera það án stuðnings.

Samhliða taka þeir áfanga í námsstuðningi inn á brautinni.



Nánari upplýsingar: [linda@mh.is](mailto:linda@mh.is)



<https://www.mh.is>

